

**Ed.**

**772. Nefndarálit**

**[319. mál]**

um frv. til l. um kvikmyndamál.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á þremur fundum. Til viðræðna við nefndina komu fulltrúar Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Kvikmyndasafns. Knútur Hallsson ráðuneytissjóri menntamálaráðuneytis kom einnig á fundi nefndarinnar.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um svonefnda kvikmyndalögsögu og hvort gera ætti erlendum fyrirtækjum, sem hingað koma til að vinna að meiri háttar verkefnum, að greiða einhvers konar aðstöðugjald er rynni til íslenskrar kvikmyndagerðar. Hugtakið kvikmyndalögsaga mun ekki til í alþjóðarétti og fyrir liggja takmarkaðar upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum þjóðum. Þótti því að svo stöddu rétt að hafa í lögunum heimildarákvæði til handa ráðherra að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila hér á landi að undangenginni ítarlegri athugun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem eru á sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen og Salome Þorkelsdóttir voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson,  
form.

Eiður Guðnason,  
frsm.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ey. Kon. Jónsson.

Ragnar Arnalds.